

B. Tóbak:

1. Reyktóbak	300 kr/tylft bréfa eða lb.
2. Vindlingar	320 kr/200 stk.
3. Smávindlingar	40 kr/10 stk.
Meðalstærð	180 kr/25 stk.
Vindlar, aðrir	220 kr/25 stk.

Sé um að ræða aðrar stærðir umbúða en að ofan greinir skal greitt hlutfallslega.

Nú er framvísað meira magni en um getur í 1. mgr. og getur viðkomandi tolyfirvald þá heimilað innflutning gegn greiðslu einkasölugjalds ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi en ella gert varninginn upptækan til ríkissjóðs.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. og 5. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 2. gr. og 42. tl. 3. gr. tollskrárlaga nr. 120 31. desember 1967 svo og ákvæðum laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og toleftirlit með áorðnum breytingum, skal öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 23. desember 1983.

F. h. r.

Björn Hafsteinsson.

Skúli Bjarnason.

GJALDSKRÁ

fyrir vatnsveitu Neskaupstaðar.

1. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Neskaupstaðar, sem fá vatn úr vatnsveitu bæjarins, skal greiða árlegan vatnsskatt og skal honum varið til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna.

Álagningarstofn almenns vatnsskatts skal vera heildarmat hverrar fasteignar, þ. e. a. s. mat mannvirkja að viðbættu mati lóðar.

Hafi fasteign, sem greiða ber af vatnsskatt, ekki verið virt fasteignamatsvirðingu, ákveður bæjarráð skattinn.

2. gr.

Af húsum, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisparfa, vegna atvinnu sem í þeim er rekin, eða af öðrum ástæðum, skal greiða aukagjald, sem nefnist aukavatnsskattur.

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkv. mældri notkun, en verði því eigi við komið, ákveður vatnsveitan aukavatnsskattinn samkvæmt áætlaðri notkun.

3. gr.

Af öllum fasteignum, sem skattskyldar eru samkvæmt 1. gr. skal greiða vatnsskatt sem nemur 0,325 af heildarfasteignamati eignarinnar.

Lágmarksvatnsskattur skal vera kr. 250 og er það einnig gjald vegna nýtingar vatnslinda í landi bæjarins, sbr. 3. gr. reglugerðar fyrir Vatnsveitu Neskaupstaðar.

Aukavatnsskattur, sem greiddur er samkvæmt 2. gr. skal vera kr. 1 á hvern m³ vatns. Fyrir önnur vatnsnot en þau sem talin eru hér að framan skal greiddur aukavatnsskattur eftir ákvörðun bæjarráðs.

4. gr.

Um tengigjöld til vatnsveitu er ákvarðað í reglugerð um gatnagerðargjöld.

5. gr.

Vatnsveitan lætur notendum í té löggilta vatnsmæla og er ársleiga fyrir hvern mæli sem hér segir:

	kr.
Ø 20—32 mm	200
Ø 40 mm	300
Ø 50 mm	500
Ø 80 mm	1 000
Ø 100 mm	1 500

6. gr.

Gjalddagi vatnsskatts hvers árs er sá sami og gjalddagi fasteignaskatts. Aukavatnsskatt er heimilt að innheimta mánaðarlega.

7. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, nema vatnsskattur, miðist við byggingarvísitölu 100 stig í desember 1982 og skulu þau breytast í samræmi við hana.

Heimilt er bæjarstjórn að hækka eða lækka um allt að 50% framantalin gjöld, öll þeirra eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

8. gr.

Vatnsskatt af fasteignum má taka lögtaki og má gera lögtak í hinu skattskylda húsi án tillits til eigendaskipta. Skatturinn nýtur lögveðs í húseigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Sé vatnsskattur eða vatnsgjöld í vanskilum er heimilt að loka vatnsrennsli til gjaldenda.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Neskaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir vatnsveitu Neskaupstaðar nr. 536 21. desember 1979.

Félagsmálaráðuneytið, 27. desember 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg

Hólmsfríður Snæbjörnsdóttir.